

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Á eftir orðinu „skriflega“ í staflíð c í 5. mgr. 3. gr. reglnanna bætast inn orðin: eða með raf-rænum hætti.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 107. gr. reglnanna:

- a. 2., 3. og 4. másl. 9. mgr. falla brott.
- b. 11. mgr. orðast svo:

Tannlæknadeild býður upp á rannsóknatengt framhaldsnám. Meistaránám er 120 einingar að loknu BS-prófi eða cand. odont.-prófi. Doktorsnám er 180 eða 240 einingar að loknu MS-prófi eða cand. odont.-prófi.
- c. Í stað orðsins „MS-rannsóknarverkefni“ í upphafi 3. másl. 12. mgr. kemur: Meistaránámi.
- d. Orðið „tveimur“ í 4. másl. 12. mgr. fellur brott.
- e. Á eftir 6. másl. 12. mgr. bætist við nýr máslíður, svohljóðandi: Meistaránám veitir aðgang að doktorsnámi en ekki sérstök starfsréttindi.
- f. Á eftir 12. mgr. bætast við þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Meistaránáminu er skipt í tvö kjörsvið sem eru skipulögð með tilliti til bakgrunns umsækjanda. Nemendur sem lokið hafa 360 eininga cand. odont.-prófi fá metnar 30 einingar fyrir cand. odont.-námið og þurfa því að ljúka 30 eininga kjarnanámskeiðum sem skiptast í skyldu- og valnámskeið. Nemendur sem lokið hafa BS-prófi ljúka 60 eininga kjarnanámskeiðum sem skiptast í skyldunámskeið, bundið val og valnámskeið.

Nemandi getur fengið metin námskeið úr grunnnámi, að hámarki 60 einingar, sem eru sambærileg valnámskeiðum á kjörsviði námsleiðarinnar.

Framkvæmd og umsjón með meistaránámi í tannlæknadeild er í höndum rannsóknánámsnefndar læknadeildar þar sem tannlæknadeild á sinn fulltrúa.
- g. Núverandi 13. mgr. orðast svo:

Um doktorsnám og doktorspróf gilda sérstakar reglur heilbrigðisvísindasviðs sem háskólaráð staðfestir. Doktorsnámsnefnd heilbrigðisvísindasviðs ber ábyrgð á doktorsnámi innan sviðsins.
- h. Núverandi 14. mgr. fellur brott.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 108. gr. reglnanna:

- a. Á undan núverandi 1. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Nám í tannlækningum og tannsmíði er einungis unnt að stunda sem aðalgrein.
- b. Á eftir 1. másl. núverandi 1. mgr. bætist við nýr máslíður, svohljóðandi: Deildinni er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði við sérstakar aðstæður.
- c. 2. másl. núverandi 3. mgr. fellur brott.
- d. Núverandi 4. mgr. orðast svo:

Árangur stúdents í verklegu námi er metinn af þeim kennara/kennurum sem kennsluna annast. Einkunnir fyrir preklínískt og klínískt nám eru gefnar í tölum og reiknast sem ákveðinn hluti af lokaekunn í hlutaðeigandi grein. Nemandi sem ekki fær fullnægjandi einkunn eða sem hefur sýnt minna en 85% tímasókn telst ekki hafa lokið kröfum í verklegu námi.
- e. Á eftir núverandi 4. mgr. bætast við þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sjúkra- og endurtökupróf fara öll fram að vori, sbr. þó 2. mgr. reglna nr. 155/2011 um val nemenda til náms í tannlæknisfræði og tannsmíði við tannlæknadeild Háskóla Íslands.

Krafist er 100% tímasóknar í fyrirlestra sem haldnir eru í lotum áður en verkleg kennsla hefst. Viðkomandi kennari getur veitt undanþágu frá þessu skilyrði þegar sérstaklega stendur á.

Lágmarkstímasókn í námskeiðum í samkenndu I, II og III er 85%.  
f. Í stað tölunnar „átta“ í 2. másl. núverandi 5. mgr. kemur: sjö.

4. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 8. maí 2020.*

**Jón Atli Benediktsson.**

Dórður Kristinsson.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2020